

Samtök fjármálfyrirtækja - SFF
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2021
Tilvísun: 2021020324/SBM

Efni: Leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga barna í tengslum við fyrirhugaða fjármálaleika 2021 á vegum Samtaka fjármálfyrirtækja

Þann 28. janúar 2021 barst Persónuvernd ábending um að við fyrirhugaða fjármálaleika Samtaka fjármálfyrirtækja (SFF), sem ætlaðir eru grunnskólanemendum í 10. bekk, muni fara fram vinnsla persónuupplýsinga barna, m.a. í gegnum auðkenningarþjónustu Facebook, sem tilkynnandi taldi að væri ekki í samræmi við persónuverndarlög.

Þá er vísað til samtals verkefnastjóra í fjármálafræðslu hjá SFF við lögfræðing hjá Persónuvernd þann 26. janúar 2021. Símtalinu var fylgt eftir með skriflegri fyrirspurn til Persónuverndar og var veitt svar við henni samdægurs. Þá er jafnframt vísað til símtals sviðsstjóra erlends samstarfs og fræðslu hjá Persónuvernd við verkefnastjórnann þann 4. febrúar 2021.

Í framangreindum símtöllum og svari Persónuverndar við fyrirspurn SFF voru veittar almennar leiðbeiningar um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga, meginreglur persónuverndarlaga, fræðslu til hinna skráðu og nauðsyn þess að tryggja beri öryggi persónuupplýsinga með viðunandi hætti. Af hálfu Persónuverndar var SFF bent sérstaklega á að stofnunin hefur gefið út tilmæli til allra þeirra sem koma að starfi með börnum að nota ekki Facebook fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn.

Í ljósi þess að samtökin hafa nú brugðist við leiðbeiningum Persónuverndar og lokað umræddri síðu telur Persónuvernd ekki tilefni til að hefja frumkvæðisathugun vegna málsins. Hins vegar er ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir að umrætt fyrirkomulag hefur verið viðhaft í fyrri fjármálaleikum samtakanna og gerir Persónuvernd alvarlegar athugasemdir við að samtök, sem koma fram fyrir hönd fjármálfyrirtækja landsins, hafi ekki hugað að grundvallarkröfum persónuverndarlaga hvað varðar gagnsæi og fræðslu til hinna skráðu, sem í mörgum tilvikum eru börn. Þá má ráða af samtöllum starfsmanna Persónuverndar við starfsmenn SFF að samtökin hafi nýtt sér auðkenningarþjónustu samfélagsmiðils án þess að kanna öryggi og afleiðingar þess nánar líkt og persónuverndarlög gera kröfu um.



Með vísan til leiðbeiningarhlutverks Persónuverndar er SFF bent á eftirfarandi atriði sem nauðsynlegt er að líta til áður en vinnsla persónuupplýsinga um börn í tengslum við fjármálaleika samtakanna hefst:

1. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að byggjast á heimild í lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. þeirra laga er vinnsla persónuupplýsinga heimil á grundvelli samþykkis hins skráða, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Samkvæmt 8. tölul. 3. gr. laganna telst samþykki vera óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvírað viljayfirlýsing hins skráða um að hann samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíraðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig, sbr. 11. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar. Í skilgreiningunni felst því að samþykki verður að vera veitt með einhvers konar aðgerð af hálfu hins skráða.

Í þeim tilvikum þegar hinir skráðu eru börn, fara forsjáforeldrar þeirra almennt með lögformlegt fyrirsvar þeirra, sbr. 5. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003, og þannig með hæfi til að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga þeirra. Foreldrar og forráðamenn sjá þannig yfirleitt um að samþykkja vinnslu persónuupplýsinga um börn sín.

Þegar barni er boðin þjónusta í upplýsingasamfélaginu, þ.e. á Netinu, með beinum hætti geta hins vegar börn yfir 13 ára aldri samþykkt fyrir sig sjálf. Samþykki getur því talist vera gild heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga um barn, eigi framangreint við, að uppfylltum öðrum ákvæðum persónuverndarlaga, m.a. um öryggi persónuupplýsinga, meginreglna um sanngirni, gagnsæi og meðalhóf sem og að réttindi einstaklinga, s.s. fræðsla við vinnslu persónuupplýsinga, séu tryggð

2. Fræðsla til hins skráða

Til að samþykki teljist vera upplýst þarf ábyrgðaraðili að veita hinum skráða tiltekna lágmarksfræðslu, áður en samþykkis er aflað, til að hinn skráði skilji hvað hann er að samþykkja og afleiðingar þess.

Þar sem persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlögum ættu hvers kyns upplýsingar og tilkynningar, þegar vinnsla beinist að barni, að vera á skýru og einföldu máli sem barnið getur auðveldlega skilið, svo barnið skilji hvað það er í raun að samþykkja.

Meðal þeirra atriða sem fræða þarf um er hver sé tilgangur vinnslunnar, á hvaða heimild hún er byggð, hverjir séu viðtakendur upplýsinganna, hvort þeim sé miðlað til þriðju landa og þá viðeigandi verndarráðstafanir þar um og hver varðveislutiði þeirra sé. Þá ber einnig að veita fræðslu um að skráður einstaklingur eigi rétt á að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er. Loks þarf ábyrgðaraðili að geta sýnt fram á að skráður einstaklingur hafi samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um sig.

Nánari upplýsingar um hvað þarf að koma fram í fræðslu til einstaklinga er að finna á vefsíðu Persónuverndar.

Persónuvernd leiðbeinir Samtökum fjármálafyrirtækja um að samtökunum er skylt að veita fræðslu til barna og forsjáraðila, eftir því sem við á, sem fullnægir skilyrðum persónuverndarlaga við skráningu á þátttöku í fjármálaleikum samtakanna.



3. Tilmæli Persónuverndar til þeirra sem koma að starfi með börnum um notkun samfélagsmiðla

Persónuvernd bendir jafnframt á tilmæli stofnunarinnar frá 6. september 2018, áréttuð 2. júlí 2020, um að þeir sem koma að starfi með börnum noti ekki Facebook, eða sambærilega miðla, fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn. Tilmælin og frétt með áréttið þeirra fylgir hjálgt.

Þrátt fyrir að SFF sé ekki sjálf að miðla persónuupplýsingum um börn á Facebook þá kom skýrt fram á vefsíðunni www.fjarmalaleikar.is að skráning í leikinn færi fram með notkun á Facebook aðgangi þátttakenda þar sem gefið var upp nafn, skóli og netfang. Jafnframt sagði þar að þeir nemendur sem ekki ættu Facebook reikning gætu notað reikning foreldra eða annarra fjölskyldumeðlima til að skrá sig inn.

Verður því að mati Persónuverndar litið svo á að með því að gera kröfu til þátttakenda um að skráning þurfi að fara fram í gegnum Facebook, hvort heldur sem er þeirra eigin aðgangi eða aðgangi foreldra, hafi SFF verið að hvetja til notkunar á samfélagsmiðlinum og þar með vinnslu persónuupplýsinga á þeim miðli.

Hafa ber í huga að í skilmálum Facebook sem notendur miðilsins samþykkja, kemur fram að Facebook safnar þeim upplýsingum sem miðlað er í gegnum síðuna. Þegar persónuupplýsingum er miðlað í gegnum Facebook er þeim því samtímis miðlað til samfélagsmiðilsins sjálfss. Fyrir liggur einnig að Facebook deilir persónuupplýsingum með fyrirtækjum sem tengjast miðlinum, sem og öðrum aðilum (þ.e. þriðju aðilum), við nánar tilgreindar aðstæður. Þeir sem nota slíka samfélagsmiðla hafa því ekki fulla stjórn á því efni sem þær er sett inn.

Með vísan til framangreinds eru tilmæli Persónuverndar áréttuð og Samtökum fjármálfyrirtækja leiðbeint um að nýta sér aðrar og öruggar lausnir við skráningu á þáttöku í fjármálaleikum samtakanna.

Sem fyrr segir telur Persónuvernd ekki tilefni að svo stöddu til að hefja frumkvæðisathugun vegna málsins en berist stofnunni kvörtun eða ábending um að umraedd vinnsla sé hafin á ný án þess að brugðist hafi verið við leiðbeiningum Persónuverndar þar um má búast við því að málid verði tekið til rannsóknar.

F.h. Persónuverndar,

 Helga Þórisdóttir  Steinunn Birna Magnúsdóttir

